

Reykjalundur endurhæfing ehf

30. fundur stjórnar 21. febrúar 2023 kl. 08.15-10.00 í Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Regína Ásvaldsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Gestur: Guðmundur Löve framkvæmdastjóri SÍBS

Fundarritari er Arna Harðardóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð 29. fundar til samþykktar og undirritunar.

Samþykkt

2. Eignaumsjón húsnæðis á Reykjalundi

Fyrirkomulag á nýju félagi og skipulagi kynnt.

Guðmundur Löve framkvæmdastjóri SÍBS kynnti fyrirtækið Eignaumsjón sem SÍBS stofnaði um síðustu áramót. Formaður SÍBS er eini stjórnarmaðurinn.

Fram kom að innan Eignaumsjónar eru allar eignir SÍBS á Reykjalundi ásamt Rekstrarsjóði.

3. Húsnæðismál Reykjalundar.

Húsnæði Reykjalundar er mjög illa farið og nauðsynlegt er að fara í miklar framkvæmdir á því eigi RLE að geta rekið fulla starfsemi í húsnæðinu næstu árin. Erindi frá framkvæmdastjórn Reykjalundar um úttekt á húsnæði Reykjalundar var lagt fram.

Samþykkt að beina því til stjórnar SÍBS að gerð verði úttekt á húsnæði Reykjalundar sem fyrst.

4. Stefnumótun Reykjalundar.

Stjórn heimilar forstjóra að seinka stefnumótunarvinnunni.

5. Önnur mál.

a. **Auglýsing um starf framkvæmdastjóra lækninga kynnt**, umsóknarfrestur um stöðuna er til 13. mars

b. **Áhrif verkfalls Eflingar á daglega starfsemi Reykjalundar.** Helstu áhrif verkfalls gæti erfiðleikar sjúklinga og starfsmanna að komast til Reykjalundar vegna olíuskort.

c. **Aðalfundur Hollvinasamtakana nýafstaðin.**

Reykjalundur fékk að gjöf nýja telemetriu. Stjórn Reykjalundar þakkar Hollvinasamtökunum góðan stuðning.

d. **Stefnt að aðalfundi Reykjalundar þriðju vikuna í júní.**

Fundi slitið kl 9:55

Næsti fundur stjórnar: 21.mars, 2023 kl 8:15 – 10:00

Anna Stefánsdóttir
Gunnar Ármannsson
Regína Ásvaldsdóttir *Arna Harðardóttir*